



Fundargerð

176. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, mánudaginn 13. okt. 2014 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Árshlutareikningur janúar - ágúst 2014
2. Rekstraráætlun 2015-2018
3. Lánamál HEF gagnvart Lánasjóði sveitafélaga
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár.

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Árshlutareikningur janúar - ágúst 2014

Guðlaugur Erlingsson frá KPMG mætti til fundar og lagði fram og kynnti árshlutareikning Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 2014 sem er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Tekjur tímabilsins eru kr 233.750.312. Hagnaður varð af rekstri á tímabilinu sem nam 62,8 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.892.463.972 millj. kr. og skuldir 1.447.299.108 í lok tímabilsins. Eigið fé nam 445,1 millj. kr. í lok tímabilsins og er eiginfjárlutfall félagsins 24,0%.

Árshlutareikningurinn staðfestur með áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.



2. Rekstraráætlun 2015-2018

Framkvæmdastjóri kynnti framlögð drög að rekstraráætlun. Umræða um áætlunina sem tekin verður til afgreiðslu á næsta fundi.

Sérstaklega rætt um fyrirséða þörf á framkvæmdum í fráveitumálum. Verið er að vinna á vettvangi Samorku og Ráðuneyta að reglubreytingum og kröfum varðandi fráveitur.

Guðlaugur Erlingsson yfirgaf fundinn kl. 13:30.

3. Lánamál HEF gagnvart Lánasjóði sveitarfélaga.

Lögð fram að nýju átlitsgerð Jóns Jónssonar hæstaréttarlögmanns dags 23.2.2012 varðandi lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. dags 30. nóvember 2007.

Lagt fram drög að bréfi til Lánasjóðs sveitarfélaga dags. 7. október 2014 varðandi ítrekun á kröfu um viðurkenningu á ólögsmæti lánasamnings nr. 33/2007.

Stjórn samþykkir að framlagt bréf verði sent.

4. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri kynnti að hann hefði stöðvað framkvæmdir við að leggja háspennukapal frá Þjóðvegi 1 upp með lóð Menntaskólans að Tjarnarbraut. Hann áréttaði að það væri algjör nauðsyn að skipulagsyfirvöld hafi samráð við HEF ehf. áður en svona verkefni eru afgreidd.
- b) Lögð fram fundargerð dags 8.10.2014 v. opunar á verðkönnun – affallsvatn frá Sundlaug – lagnavinna. Þrjú tilboð bárust. Tölur hafa verið yfirfarnar. Samþykkt að ganga til samninga við lægtsbjóðanda Yl ehf.
- c) Gunnhildur spurði um kyndikostnað í grunnskólanum á Hallormsstað.
- d) Karl spurði um málefni Skógarorku ehf.
- e) Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 29. okt. n.k. kl 12:00.



Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 14:10

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson